

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 277/2008 um aðgerðir til að tryggja flugöryggi og skrá yfir flugrekendur er ekki uppfylla viðeigandi öryggiskröfur.

#### 1. gr.

Við c-lið 4. gr. reglugerðarinnar bætist nýr töluliður, 36, sem orðast svo:

36. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1992 frá 2. desember 2020 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 að því er varðar skrá yfir flugrekendur sem bannað er að stunda flugrekstur eða sæta rekstrartakmörkunum innan Sambandsins.

#### 2. gr.

Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1992 frá 2. desember 2020 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um skrá yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur eða sæta rekstrartakmörkunum innan Sambandsins, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2021 frá 23. apríl 2021. Framkvæmdarreglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 34, frá 12. maí 2021, bls. 98-110.

#### 3. gr.

##### *Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 2. mgr. 3. gr., 1. mgr. 4. gr. og 5. gr., sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

*Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 14. maí 2021.*

F. h. r.

**Ólafur Kr. Hjörleifsson.**

*Valgerður B. Eggertsdóttir.*